



ORKUSTOFNUN

Jarðhitaathugun í landi Tunguháls í Lýtingsstaðahreppi

Ragna Karlsdóttir, Hrefna Kristmannsdóttir,
Guðmundur Ingi Haraldsson


Greinargerð RK-HK-GIH-83/05

Jarðhitaathugun í landi Tunguháls í Lýtingsstaðahreppi.

Við Jökulsárgljúfur um 1 km suð-austur af bænum á Tunguhálsi kemur upp heitt vatn á nokkrum stöðum. Berggangur sést þar í holti við gljúfrið. Gangurinn er 10 m breiður, hallar 10°N og hefur stefnuna N80A. Heitt vatn seytlar meðfram ganginum niðri í gljúfninu. Í holtinu vestan gljúfurbarms eru allmög augu. Hitastig uppstreymisins er $28 - 34,5^{\circ}\text{C}$ og rennsli úr heitasta auganu er 2,2 l/s.

Á meðfylgjandi skissu er sýnd afstaða jarðhitaauganna miðað við gljúfurbrún og hitastig þeirra.

HEITASÍÐUR



Um 150 m nær bænum er uppsprettu, sem grafið hefur verið frá og skurðurinn stíflaður. Hæsta hitastig mældist $33,5^{\circ}\text{C}$ í skurðinum og rennslið er um 3,5 l/s.

Tekið var sýni til efnagreiningar úr heitasta auganu á svæðinu.

Efnasamsetning vatnsins er:

Númer sýnis	hitastig °C	pH/°C	magn í mg/l							
			SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	CO ₂	SO ₄	H ₂ S
800111	34,0	9,92/26	39,7	32,5	0,30	1,68	0,010	19,2	7,18	0,00

magn í mg/l			Heildarmagn uppleystra efna
Cl	F	B	
6,3	0,31	0,155	164,0

Efnainnihald vatnsins bendir ekki til að hitastig sé verulega hærra á meira dýpi.

Laugarnar eru talsvert langt frá bæjarhúsum og liggja lægra. Rennsli er allmikið (5-6 l/s) og er því hugsanlegt að hægt sé að leiða vatnið til bæjar og nýta það með varmadælu.

Gera þarf hagkvæmniathugun á þeim valkostu.

ORKUSTOFNUN

Dags.
1983-01-28
Dags.

Tilv. vor
HK/gb
Tilv. yðar

Hr. Guðsteinn Guðjónsson
Tunguhálsi I
Lýtingsstaðahreppi
Skagafjarðarsýslu

Hjálagt eru niðurstöður jarðhitakönnunar, sem Jarðhitadeild Orkustofnunar hefur gert í landareign þinni. Einnig fylgir skýrsla um tilraunarekstur á varmadælu, en nýting vatnsins með varmadælu gæti komið til greina í þessu tilviki. Jarðhitadeild mun láta gera hagkvæmniathugun á því hvort nýting með varmadælu gæti komið til greina og senda þær niðurstöður síðar ásamt ráðleggingum varðandi framkvæmd ef til kemur.

Virðingarfyllst

Hrefna Kristmannsdóttir
deildarstjóri